

54. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 7. janúar 2004 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn, skólastjórar og fulltrúar foreldra og starfsfólks.

Formaður setti fund og bauð nýtt fólk velkomið. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra.

a) Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

Starfið í desember gekk vel fyrir sig og er starfsemin að komast í fastar skorður eftir hátíðar.

Framundan er hefðbundið skólastarf fram á vor. Næstu verkefni eru þorrinn, bolludagur og öskudagur.

Engar stórar breytingar eru framundan. Verið er að skipuleggja námskeið með tónlistarskólanum og yngstu bekkjum grunnskólans og stefnir leikskólinn að því að taka þátt í því. Það er fyrirhugað 24. janúar og er hluti af samstarfsverkefni leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla.

b) Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

Nemendur og starfsfólk koma vel undan jólafríi og fór skólastjóri og hitti eldri bekkinga í dag. Ákveðin vinna er að fara í gang í skólanum m.a. í tengslum við Olweus verkefnið sem verður í gangi fram á vor.

Gunnar greindi frá ráðningu starfsmanns í afleysingar fyrir Hjördísi Þorvarðardóttur, sem er í veikindaleyfi. Ingibjörg Benediktsdóttir hefur verið ráðin í starfið og hefur þegar komið í vettvangsskoðun og tekur hún formlega til starfa nk. mánudag.

Guðrún Marta Ársælsdóttir tók að sér tímabundið nemendastuðning inni í bekk fram til síðustu jóla en Elísabet Valdimarsdóttir, fjarnemi í KÍ, kemur til starfa í hennar stað og kemur hún til starfa nk. mánudag.

Samstarfsdagur nemenda í eldri deildum verður 22. janúar nk. úti á Nesi. Þá er undirbúningur fyrir árshátíð grunnskólans að hefjast.

Menningarferð 6. bekkjar er framundan ásamt skíðaferð 7. og 8. bekkjar og fer undirbúningur fyrir þær ferðir að hefjast.

Undirbúningur fyrir næsta skólaár er hafinn. Miklar breytingar eru framundan í skólastarfinu en í tengslum við tilkomu Fjölbrautaskóla Snæfellinga mun verða tímafækkun við skólann hér, sem þýðir fækkun á stöðugildum. Skólastjóri telur að mikill styrkur verði fyrir fjölbrautaskólann ef kennarar hér með framhaldsskólaréttindi verði hluti af starfsliði Fjölbrautaskóla Snæfellinga en það komi einnig til með að hafa áhrif á starfslið hér. Styrkur fjölbrautaskólans verði m.a. falinn í því að starfslið skólans komi af öllu Snæfellsnesi.

Ýmsar fyrirspurnir komu fram um Fjölbrautaskóla Snæfellinga og urðu miklar umræður um þau mál.

2. Önnur mál.

- a) Formaður ræddi um aðgerðaráætlun vegna Fjölbrautaskólans sem rædd hefur verið á síðustu fundum. Einnig var rætt um jákvætt viðhorf gagnvart skólanum.
- b) Fyrirspurn kom fram um námsframboð í væntanlegum fjölbrautaskóla, hvort það verði ekki sambærilegt við fjölbrautaskóla annars staðar. Málið rætt.
- c) Áfram var rætt um málefni fjölbrautaskóla. Snæfellingar þurfi að vinna meira saman og sameinast um skólann og að vinnan sem framundan er sé spennandi. Áhersla var lögð á að skólinn þurfi að hefja starfsemi með stæl. Einnig var rætt um hve stuttur tími er í raun þar til skólinn á að taka til starfa og mörgum spurningum sé enn ósvarað.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:55.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari (sign.).

Björn Sverrisson (sign.),

Gunnar Svanlaugsson (sign.),

Gerður Sigurðardóttir (sign.),

Sigurborg Sturludóttir (sign.),

Katrín Pálsdóttir (sign.),

Halla Dís Hallfreðsdóttir (sign.),

Ásta Valdís Guðmundsdóttir (sign.),

Katrín Gísladóttir (sign.),

Ingibjörg Benediktsdóttir (sign.),

Linda S. Sigurðardóttir (sign.),

Sigrún Þórsteinsdóttir (sign.).